

Fundargerð 402. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2018, mánudaginn 19. mars kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar símafundur í Hlaðbúð.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Ásta Björg Pálmadóttir, Sigrún Árnadóttir og Lúðvík Geirsson. Í símasambandi vour Björn Arnaldsson, Guðmundur M Kristjánsson, Guðný Sverrisdóttir og Ólafur Þór Snorrason,

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Hafnasamband Íslands - stjórnarfundir 2018 - 1801004HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 401. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 26. febrúar 2018.

Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

2. Ársreikningur Hafnasambands Íslands 2017 - 1712004HA

Lögð fram drög að ársreikningi hafnasambandsins fyrir árið 2017.

Samþykkt að vísa ársreikningnum til kynningar hjá aðildarhöfnum, sbr. ákvæði í 5. mgr. 5. gr. laga hafnasambandsins, og til skoðunar hjá kjörnum skoðunarmönnum. Afgreiðslu frestað þar til þessu er lokið.

3. Hafnasambandsþing 2018 - 1610004HA

Lögð fram til kynningar drög að dagskrá.

4. Vorfundur 2018 - 1803002HA

Rætt um vorfund stjórnar sem haldinn verður 28.-29. maí nk.

5. Fjarfundabúnaður á námskeiðum - 1709010SA

Lagur fram til kynningar tölvupóstur frá Neytendastofu, dags. 15. febrúar 2018, þar sem upplýst er að stofnunin hefur tekið í gagnið nýjan fjarfundarbúnað sem auðveldar Neytendastofu að bjóða upp á að fleiri útstöðvar tengist inn á vigtarnámskeiðin í einu.

6. Siglingaráð - 1712003HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 3. fundar Siglingaráðs frá 5. mars 2018. Einnig lögð fram til kynningar dagskrá 4. fundar ráðsins.

7. Frumvarp til laga um siglingavernd og loftferðir - laumufarþegar, stjórnarsýslulög, bakgrunnsathuganir o.fl. - 1803001HA

Lagt fram erindi frá nefndasviði Alþingis, dags. 14. mars 2018, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um siglingavernd og loftferðir (laumufarþegar, stjórnarsýslulög, bakgrunnsathuganir o.fl.), 263. mál.

Formanni falið að útbúa umsögn.

8. Endurvigtun - 1801008HA

Formaður gerði grein fyrir stöðu mála varðandi endurvigtun en hugmyndir eru uppi um að Fiskistofa taki við því verkefni.

Formanni falið að taka málið upp við Fiskistofustjóra.

9. Förgunargjald - 1605003_1HA

Rætt um reynslu af nýjum sorpgjöldum en framkvæmd sorpmála hefur almennt gengið vel eftir breytingu á fyrirkomulagi og gjaldskrá hafna.

10. Fiskmarkaðir á Íslandi - 1802003HA

Rætt um fiskmarkaði og fyrirkomulag Reiknistofu fiskmarkaða og hvaða áhrif breytingar geta haft á starfsemi hafna hér á landi.

11. Þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024 - 1803003HA

Rætt um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árið 2018-2024 en í henni kemur fram að eyrnamerkja eigi 20 m.kr. á ári, fyrir árin 2019-2023, í rafvæðingu hafna.

Fundi var slitið kl. 12:15

Gísli Gíslason

Ásta Björg Pálmadóttir

Guðmundur M Kristjánsson

Guðný Sverrisdóttir

Ólafur Pór Snorrason

Sigrún Árnadóttir

Björn Arnaldsson

Lúðvík Geirsson

Valur Rafn Halldórsson